



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

24. Fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Vinnufundur um forvarnastefnu Hrunamannahrepps

Fundurinn var haldinn í fundarsal Flúðaskóla. Þriðjudaginn 18. nóvember kl. 15.00

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður, sem setti fund og stjórnaði, Jóhanna Valgeirsdóttir skólastjóri, Katrín Þorvaldsdóttir formaður skólanefndar, Þórarinn Guðni Helgasson forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, Kolbrún Haraldsdóttir formaður stýrihóps um Barnvænt samfélag, Anna Katrín Víðisdóttir formaður Ungmennaráðs, Svava Kristjánisdóttir formaður Foreldrafélags Flúðaskóla.

Efni fundarins Forvarnastefna Hrunamannahrepps

Vinnulag: Förum yfir forvarnastefnuna og hvað megi betur fara í stefnunni. Hver og einn fær tækifæri til að segja sína skoðun

Kostir:

- Inngangurinn að forvarnastefnunni er góður og innihald stefnunnar gott.

Gallar:

- Vantar um netöryggi/ netofbeldi barna.
- Uppfæra fyrir nútímaáskoranir.
- Athuga með útivistarákvæðið í núverandi stefnu.
- Skoða orsök og afleiðingar
- Skjalið er frekar afleiðing tengt í stað þess að skoða orsakir.

Hvað má bæta:

- Hverjir eiga að sjá um hvað, skýra hlutverk hvers og eins og hver ber ábyrgð á forvarnafræðslu fyrir hvern hóp.
- Hver á að grípa hvað.
- Hver, fyrir hvern og hvernig.
- Samstarf um hvað sé mikilvægt á hverjum tímapunkti
- Hafa skýra stefnu og svo aðgerðaráætlun svo hver viti sitt hlutverk.
- Virkja foreldrafélögin, við erum heppin með foreldrafélag
- Ungmennaráð nýta það til að fá hugmyndir um áskoranir í unglinga samfélaginu.
- Samfélagslögreglan, fá hana inn með fræðslu
- Hvert er hlutverk Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar í forvarnarmálum
- Virkja félög almennt í sveitafélaginu til að vera með forvarnarstarf fyrir sinn markhóp.
- Eldri borgarar, hafa skýra forvarnastefnu fyrir þann hóp
- Mikilvægt að hafa fund í byrjun skólaárs og aftur um mitt skólaárið til að meta áskoranir hvers skólaárs. Fundurinn skal vera samstarfsverkefni skóla, félagsmiðstöðvar, foreldrafélags, Ungmennaráðs og Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar
- Athuga með fjármagn fyrir forvarnafræðslu mögulega betra að hafa pott sem getur nýst hjá nokkrum stofnunum en er tileinkaður forvörnum
- Menningarhús, styður við forvarnir með því að gera fólki kleift að hittast

- Það skiptir miklu máli hvernig fræðsla er framsett og að hún höfði til þeirra sem til er ætlast
- Athuga með félagsmiðstöð fyrir miðstig, mikið forvarnargildi eða félagsmiðstöð fyrir 1. – 10. bekk. Mjög mikilvægt að fara í strax í þessa vinnu. Endurskipuleggja starf félagsmiðstöðvarinnar.
- Einelti
- Stuðla að fordómalausum samfélagi

Annað:

- Hafa skjalið einfalt en svo aðgerðarskjal með sjá skjal frá Stykkishólmi.

Hver heldur utan um forvarnarfræðsluna:

Félög sveitafélagsins, Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd, skóli, félagsmiðstöð, foreldrar, heilsugæsla, félag eldri borgara,

Niðurstaða:

Mikilvægt er að ráðast í gerð nýrrar forvarnarstefnu sveitarfélagsins. Í fyrsta lagi þar sem samstarf sveitafélaga hefur verið slitið. Í öðru lagi þarf að uppfæra stefnuna og taka tillit til nútíma áskoranna. Stefnan þarf að vera lifandi og endurskoðuð á hverju ári. Ákveða þarf ábyrgðaraðila fyrir því að endurskoða stefnuna á hverju ári. Nokkrar stefnur hafa verið skoðaðar hjá mismunandi sveitarfélögum og átti stefna Stykkishólmsbæjar best við okkar samfélag. Ef leyfi fæst mun sú stefna höfð til hliðsjónar við gerð nýrrar forvarnarstefnu sveitafélagsins okkar.

Fundi slitið 16.10